

135. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 28. nóvember 2022 kl. 16.30 á Höfða

Stjórnarmenn:

Einar Brandsson formaður
Björn Guðmundsson varaformaður
Elsa Lára Arnardóttir
Helgi Pétur Ottesen
Aldís Þorbjörnsdóttir fulltrúi starfsmanna

Starfsmenn:

Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1) Vistunarmál

Staðfest vistun fyrir þrjá einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

Staða á biðlistum 24.11.2022:

Hjúkrunarrými: 23 einstaklingar.

Dvalarrými: 12 einstaklingar.

Hvíldarinnlagnir: 36 einstaklingar.

2) Fjárhagsáætlun 2022 – viðauki 1

Viðauki 1 við fjárhagsáætlun Höfða fyrir árið 2022 ásamt greinargerð framkvæmdastjóra.

Breytingar gera ráð fyrir 28,5 mkr. hækkun á áætluðum tekjum og til 40,2 mkr. hækkunar á rekstrargjöldum. Á fjármagnsliðum er gert ráð fyrir nettó 3,9 mkr. breytingu. Breytingar í viðauka hækka neikvæða afkomu ársins úr 14,6 mkr. í 22,4 mkr. eða um 7,8 mkr. Viðauki 1 gerir jafnframt ráð fyrir lækkun á handbæru fé um 7,8 mkr. og nemur það 87,2 mkr. í árslok 2022. Aukning á rekstrartapi ársins er mætt með lækkun á handbæru fé.

Stjórn Höfða samþykkir viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2022.

3) Gjaldskrá Höfða

Stjórn Höfða samþykkir framlagða tillögu framkvæmdastjóra um nýja gjaldskrá fyrir verð á útseldu fæði frá Höfða vegna heimsendingar á matarbökkum og til kostgangara. Verð pr. máltíð hækki úr kr. 1.246 í kr. 1.274 eða um 2,23% frá síðustu gjaldskrárbreytingu þann 1.7.22.

Breytingin nemur hækkun vísitölu neysluverðs frá júní 2022 til október 2022.

Hækkun tekur gildi frá og með 1. janúar 2023.

Stjórn Höfða samþykkir enn fremur að verð á matarmiðum til starfsmanna taki sömu breytingum og verður á skattmati fæðis fyrir tekjuárið 2023.

Jafnframt felur stjórn framkvæmdastjóra að móta nýja gjaldskrá á útseldu fæði til þjónustumiðstöðvar Akraneskaupstaðar að Dalbraut 4. Í þeirri vinnu þarf að taka tillit til fjárfestinga í tækjakosti og aukningu í stöðugildum í eldhúsi til að mæta framleiðsluaukningu.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "OTTE", "EB", and "KJA".

4) Fjárhagsáætlun 2023

Samkvæmt framlagðri áætlun fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir að rekstrartekjur Höfða nemi 1.379,9 mkr. og rekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta nema 1.363,5 mkr. Afskriftir nema 29,5 mkr. og fjármagnsliðir nema nettó 26,3 mkr. Óreglulegir liðir nema 74,3 mkr. Tap af rekstri án óreglulegra liða nemi 39,4 mkr. en með óreglulegum liðum nemi tapið 113,7 mkr. Handbært fé til rekstrar nemi 67,5 mkr., fjárfestingahreyfingar nemi nettó 116,1 mkr. og fjármögnunarahreyfingar nemi nettó 263,8 mkr. Hækkun á handbæru fé nemi 135,2 mkr. og að handbært fé í árslok verði 215,3 mkr.
Lögð fram til seinni umræðu og samþykkt.

5) Fjárhagsáætlun 2024-2026

Lögð fram til seinni umræðu og samþykkt.

6) Starfsmannamál

- a) Beiðni um launalaust leyfi, sjá trúnaðarbók Stjórn samþykkir beiðnina.
- b) Trúnaðarmál
Afgreiðsla trúnaðarmál.

7) Fundargerðir framkvæmdanefndar, dags. 26.8. og 31.10.22

Lagðar fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:03

Einar Braudsson
Elsa hára Annarsdóttir
Jóni Pinn Ólafsson
Olíva Fugl í þöng Lómunarsd.
Aldis Þorbjörnsdóttir
Björn Guðmundsson
Vinnu Vinnu